

From: Samband íslenskra sveitarfélaga
Sent: Mon, 11 May 2026 13:53:02 +0000
To: Samband íslenskra sveitarfélaga
Subject: Landsþing og landsþingsfulltrúar
Attachments: Landsþingsfulltrúar 2026-2030.pdf, Landsþingsfulltrúar 2026.pdf, Kjörbréf sambandsins - form 2026.doc

Til allra sveitarfélaga

Dagana 23.-25. september 2026 verður landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Akureyri.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að Sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi 1. janúar 2026, sbr. ákvæði 5. gr. [samþykktu Sambandsins](#). Í viðhengi má finna upplýsingar um fjölda landsþingsfulltrúa sveitarfélaga.

Þá eiga framkvæmdastjórnir sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórnir, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Mikilvægt er að sveitarfélög tilnefni landsþingsfulltrúa á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og því biðjum við ykkur um að tryggja að meðfylgjandi erindi verði lagt fyrir á þeim fundi. Að þeim fundi loknum þarf að senda kjörbréf, sem einnig er fyrirmynd af í viðhengi, á Sambandið. Þetta þarf að gerast í síðasta lagi 15. júlí 2026 ef fulltrúar frá ykkar sveitarfélagi ætla að taka þátt í kjöri á formanni Sambandsins sem mun fara fram rafrænt í sumar.

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga
Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900
www.samband.is / samband@samband.is
[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)